



Reykjavík, 2. apríl 2024

MSS24030078

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Kolaportið

Á fundi borgarráðs þann 14. mars 2024 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins og eru hér lögð fram svör:

1. Hver er framtíð Kolaportsins næstu vikur og mánuði?

Reykjavíkurborg, stjórnvöld og Listaháskóli Íslands hafa undirritað viljayfirlýsingu um að Listaháskóli Íslands muni flytja í bygginguna Tryggvagötu 19.

2. Hefur verið haft samband við hagaðila, stjórnendur og sölufólk og það upplýst um væntanlegar breytingar til skemmri og lengri tíma?

Forsvaraðilar Kolaportsins eru upplýstir um fyrirætlanir um flutning Listaháskóla Íslands í húsið.

3. Tekin hefur verið ákvörðun um að Listaskólinn flytji inn í húsnæði Kolaportsins í Tryggvagötu. Hvenær og hvert mun Kolaportið þá flytja?

Reykjavíkurborg hefur engar upplýsingar um framtíðaráform einkahlutafélags sem heldur í dag utan um rekstur í Tryggvagötu 19 undir heitinu Kolaportið. Borgarfulltrúa er bent á að vera í beinu sambandi við viðkomandi.

Óli Örn Eiríksson
teymisstjóri atvinnu- og borgarþróunar



Reykjavík